

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008

gjörir kunnugt

að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur:

Karli Löve Jóhannssyni, kt. 070263-3949, Goðatúni 19 í Garðabæ
Gísli Reynissyni, kt. 240372-5849, Lindarflöt 26 í Garðabæ,
Markúsi Mána Michaelssyni Maute, kt. 170681-6069, Bandaríkjunum,
og
Ólafi Sigmundssyni, kt. 100965-5269, Bretlandi,

fyrir brot gegn lögum og reglum um gjaldeyrismál og almennum hegningarlögum með því að hafa í sameiningu á tímabilinu 25. mars 2009 til 2. nóvember 2009 haft milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi án lögmætrar heimildar eða leyfis frá Seðlabanka Íslands og um leið staðið að ólögmætum gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga á milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi, hvort tveggja með þeim hætti sem hér er nánar lýst:

Háttsemi ákærðu fólst í milligöngu um gjaldeyrisviðskipti með íslenskar krónur gegn erlendum gjaldeyri og fjármagnsflutningum á íslenskum krónum til Íslands tengdum þeim gjaldeyrisviðskiptum. Ákærðu áttu allir þátt í að skipuleggja og hringa í framkvæmd þeirri starfsemi og var hún rekin í nafni sænska félagsins Aserta AB sem ákærðu réðu yfir.

Ákærðu sömdu við mótaðila í gjaldeyrisviðskiptum hverju sinni um að ákærðu skiptu erlendum gjaldeyri í eigu mótaðila í íslenskar krónur sem ákærðu skyldu greiða inn á bankareikning mótaðila á Íslandi. Jafnframt sömdu ákærðu og mótaðilinn um kjör í slíkum gjaldeyrisviðskiptum, það er sölugengi á íslenskum krónum af hálfu ákærðu gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri af hálfu mótaðila. Tóku þau kjör mið af svonefndu aflandsgengi íslensku krónunnar á hverjum tíma sem ávallt var lægra en skráð gengi íslensku krónunnar á opinberum gjaldeyrismarkaði á Íslandi.

Ákærðu létu mótaðila greiða erlenda gjaldeyrinn inn á gjaldeyrisreikning Aserta AB hjá Skandinaviska Enskilda Banken í Svíþjóð fyrir viðkomandi mynt. Á framangreindu tímabili tóku ákærðu við samtals 771 innborgun frá samtals 84 mótaðilum í gjaldeyrisviðskiptum. Nánar tiltekið var um að ræða 59 innborganir í bandaríkjadöllum, samtals að fjárhæð 10.766.999 bandaríkjadalir, 243 innborganir í sterlingspundum, samtals að fjárhæð 14.529.032 sterlingspund, 412 innborganir í evrum, samtals að fjárhæð 35.467.568 evrur, 2 innborganir í kanadadöllum, samtals að fjárhæð 1.032.000 kanadadalir, 9 innborganir í norskum krónum, samtals að fjárhæð 55.000.113 norskur krónur, 8 innborganir í sænskum krónum, samtals að fjárhæð 862.301 sænsk króna og 38 innborganir í dönskum krónum, samtals að fjárhæð 17.747.690 danskar krónur.

Með hinum erlenda gjaldeyri sem ákærðu söfnuðu þannig inn á fyrrgreinda gjaldeyrisreikninga Aserta AB keyptu þeir reglulega íslenskar krónur af erlendum fjármálafyrirtækjum, frá tugum og upp í hundruð milljónir króna hverju sinni, að

langstærstum hluta af Skandinaviska Enskilda Banken og bandaríska fjárfestingasjóðnum Drake Management LLC. Samhliða slíkum magnkaupum á íslenskum krónum gáfu ákærðu erlendu fjármálafyrirtækjunum fyrir mæli um að flytja íslensku krónurnar til Íslands, nánar tiltekið í tilvikum Skandinaviska Enskilda Banken inn á bankareikning Aserta AB nr. 0130-26-099740 hjá Landsbankanum hf. en í tilvikum Drake Management LLC inn á bankareikning Aserta AB nr. 0546-26-002486 hjá Íslandsbanka hf. Hver og ein slík fjármagnshreyfing sem ákærðu létu framkvæma erlendis frá inn á bankareikning Aserta AB á Íslandi leiddi af sér úttekt af bankareikningi í íslenskum krónum, svonefndum VOSTRO-reikningi, sem erlenda fjármálafyrirtækið er framkvæmdi peningasendinguna átti hjá fjármálafyrirtæki á Íslandi. Skandinaviska Enskilda Banken átti slíkan reikning hjá Landsbankanum hf. og Drake Management LLC hjá Íslandsbanka hf.

Eftir að íslensku krónurnar höfðu borist inn á bankareikninga Aserta AB hjá Landsbankanum hf. og Íslandsbanka hf. gerðu ákærðu upp hver einstök gjaldeyrisviðskipti við mótaðila sína með því að millifæra í alls 748 skipti inn á bankareikninga þeirra á Íslandi fjárhæð eða fjárhæðir í íslenskum krónum sem svöruðu til tiltekinnar innborgunar eða innborgana mótaðila í erlendum gjaldeyri hverju sinni. Samtals námu þær útgreiðslur ákærðu 14.345.875.280 krónum á framangreindu tímabili og voru útgreiðslur til hvers og eins af hinum 84 mótaðilum á bilinu 1 til 105 talsins. Ákærðu framkvæmdu í langflestum tilvikum slíkar útgreiðslur með því að millifæra fyrst af bankareikningi Aserta AB hjá Landsbankanum hf. yfir á bankareikning Aserta AB hjá Íslandsbanka hf. en greiða þaðan út til mótaðila.

Endurgjald ákærðu af milligöngu sinni um gjaldeyrisviðskiptin fólst í gengismuninum milli annars vegar sölugengis á íslenskum krónum til mótaðila í einstökum gjaldeyrisviðskiptum og hins vegar hagstæðara kaupgengis á íslenskum krónum sem ákærðu nutu í færri og stærri magnkaupum á íslenskum krónum af erlendum fjármálafyrirtækjum. Meðaltal þess gengismunar í öllum framangreindum gjaldeyrisviðskiptum ákærðu var að minnsta kosti 4,3 prósent og heildarágóði ákærðu samkvæmt því að minnsta kosti rúmar 656 milljónir króna.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við eftirfarandi refsiaðkvæði:

Milliganga ákærðu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi án leyfis Seðlabanka Íslands eða lögmætrar heimildar varðar á tímabilinu 25. mars 2009 til og með 13. júlí 2009 við 1. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrisráð nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 186. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en frá og með 14. júlí 2009 til og með 2. nóvember 2009 við 1. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrisráð nr. 87/1992, sbr. 3. tölulið 16. gr. laga um gjaldeyrisráð nr. 87/1992, sbr. 3. gr. laga nr. 73/2009.

Ólögmæt gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnshreyfinga milli landa með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi, sem ákærðu stóðu fyrir, vörðuðu á tímabilinu 25. mars 2009 til og með 30. október 2009 við 4. mgr. 1. gr., sbr. 13. gr., reglna um gjaldeyrisráð nr. 1130/2008, sbr. 1. mgr., sbr. 5. mgr., bráðabirgðaákvæðis I og 16. gr. laga um gjaldeyrisráð nr. 87/1992, en á tímabilinu 31. október 2009 til og með 2. nóvember 2009 við 2. og 3. gr., sbr. 16. gr., reglna um gjaldeyrisráð nr. 880/2009, sbr. 1. mgr., sbr. 5. mgr., bráðabirgðaákvæðis I og 16. gr. laga um gjaldeyrisráð nr. 87/1992. Sama háttsemi varðar nú við 13. gr. b og 13. gr. c laga um gjaldeyrisráð nr. 87/1992, sbr. 4. tölulið 16. gr. sömu laga, sbr. b- og c-lið 3. gr. og 5. gr. laga nr. 127/2011.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á eftirfarandi eignum ákærðu með vísan til 2. mgr. 16. gr. a í lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992, sbr. 3. gr. laga nr. 134/2008, og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum:

Að ákærða Karli verði gert að sæta upptöku á eftirfarandi eignum:

1. 50% eignarhlut í fasteign að Goðatúni 19 í Garðabæ, fastanúmer 207-0228, sem kyrrsettur var að beiðni embættis sérstaks saksóknara 22. mars 2013.
2. 4.403.441 krónum, auk áfallandi vaxta til upptökudags, sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 22. mars 2013 af bankareikningi ákærða Karls nr. 546-26-128 hjá Íslandsbanka hf.

Að ákærða Gísla verði gert að sæta upptöku á eftirfarandi eign:

1. 50% eignarhlut í fasteign að Holtabyggð 207 í Hrunamannahreppi, fastanúmer 228-2750, sem kyrrsettur var að beiðni embættis sérstaks saksóknara 22. mars 2013.

Að ákærða Markúsi verði gert að sæta upptöku á eftirfarandi eignum:

1. 50% eignarhlut ákærða Markúsar í fasteign að Skerplugötu 2 í Reykjavík, fastanúmer 202-9138, sem kyrrsettur var að beiðni embættis sérstaks saksóknara 22. mars 2013.
2. 105.000 nafnverðshlutum í Högum hf., að verðmæti 2.829.750 krónur 19. mars 2013, sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 22. mars 2013 af vörslureikningi ákærða Markúsar nr. 45213 hjá Íslandsbanka hf.
3. 254.998 nafnverðshlutum í Icelandair Group hf., að verðmæti 2.965.627 krónur 19. mars 2013, sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 22. mars 2013 af vörslureikningi ákærða Markúsar nr. 45213 hjá Íslandsbanka hf.
4. 37,0553 nafnverðseiningum í verðbréfasjóðnum „Ríkisskuldabréf – Sjóður 5“, að verðmæti 341.434 krónur 19. mars 2013, sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 22. mars 2013 af vörslureikningi ákærða Markúsar nr. 45213 hjá Íslandsbanka hf.
5. 239,9468 nafnverðseiningum í verðbréfasjóðnum „Heimssafn – Sjóður 12“, að verðmæti 462.260 krónur 19. mars 2013, sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 22. mars 2013 af vörslureikningi ákærða Markúsar nr. 45213 hjá Íslandsbanka hf.

Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

1. Gjaldyrishöft og „tvöfalt gengi“ íslensku krónunnar

Efnahagshrunið á Íslandi haustið 2008 leiddi m.a. til mikillar veikingar á gengi íslensku krónunnar. Til að styðja við gengið og vernda aðra íslenska efnahagslega hagsmuni gripu íslensk yfirvöld til þess fáeinum vikum eftir fall bankanna að setja á gjaldyrishöft á Íslandi, sbr. annars vegar breytingar á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 með setningu laga nr. 134/2008 og síðari löggjöf um þessi efni og hins vegar reglur Seðlabanka Íslands sem gilt hafa og gilda á þeim lagagrundvelli.

Gjaldyrishöftin og tengdar efnahagslegar ráðstafanir hafa frá upphafi valdið og viðhaldið herra verðgildi krónunnar á innanlandsmarkaði en á aflandsmarkaði. Í reynd hefur þannig komist á „tvöfalt gengi“ fyrir íslenska krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum, eitt á opinberum gjaldeyrismarkaði á Íslandi, þ.e. skipulegum gjaldeyrismarkaði með íslenska krónu sem Seðlabanki Íslands stýrir og hefur eftirlit með (innanlandsgengi), en annað og

lægra gengi erlendis eða á svonefndum aflandsmarkaði að því marki sem þar hafa á hverjum tíma verið viðskipti með íslensku krónuna (svonefnt aflandsgengi).

Af þessu leiðir að í gjaldeyrisviðskiptum hefur verið unnt að fá fleiri íslenskar krónur í skiptum fyrir erlenda mynt á aflandsmarkaði en á innanlandsmarkaði. Þessi gengismunur hefur sveiflast eftir markaðsaðstæðum og regluumhverfi á hverjum tíma og eftir atvikum fleiri breytum. Hann var að jafnaði mikill fyrst eftir setningu gjaldeyrishaftanna, þar með á tímabilinu sem ákæra tekur til, þegar bankahrunið á Íslandi var nýafstaðið, óvissa og órói mikill á mörkuðum varðandi stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi og jafnframt mikið framboð á íslenskum krónum á aflandsmarkaði.

Þessar efnahagslegu aðstæður á Íslandi nýttu ákærðu sér til að framkvæma þá háttsemi sem þeim er gefin að sök samkvæmt ákæru. Þeir höfðu allir þekkingu og reynslu af gjaldeyrisviðskiptum, þar með á alþjóðlegum vettvangi og á tímanum eftir að gjaldeyrishöftin voru sett. Þar af höfðu þrír þeirra, ákærðu Gísli, Markús og Ólafur, starfað á sviði gjaldeyrisviðskipta hjá leyfisskyldri íslenski fjármálastofnun, þ.e. Straumi-Burðarás fjárfestingabanka hf., bæði fyrir og eftir setningu gjaldeyrishaftanna en ákærði Karl hafði á eigin vegum eftir setningu gjaldeyrishaftanna stundað umfangsmikil gjaldeyrisviðskipti og fjármagnsflutninga í tengslum við þau. Ákærðu Gísli, Markús og Ólafur höfðu auk þess viðskiptasambönd við Skandinaviska Enskilda Banken í Svíþjóð úr fyrri störfum sínum hjá Straumi-Burðarás og vitneskju um að sá banki ætti mikið magn íslenskra aflandskróna sem hann vildi selja en til þessarar vitneskju vísuðu ákærðu sín í milli sem „viðskiptaleyndarmáls“ þeirra.

2. Nánar um verknaðarlýsingu ákæru

Í verknaðarlýsingu ákæru er miðað við að refsiverð háttsemi ákærðu samkvæmt henni teljist framhaldsbrot. Á það við um bæði sakarefni málsins.

Brot ákærðu samkvæmt verknaðarlýsingu áttu sér stað á rúmlega 7 mánaða tímabili. Þau fólust í samtals 748 tilvikum einstakra gjaldeyrisviðskipta við 84 ólíka mótaðila, frá einu skipti og upp í 105 skipti við hvern og einn þeirra, og tengdum fjármagnsflutningum ákærðu til Íslands á þeim íslensku krónum sem ákærðu seldu mótaðilum sínum.

Öll gjaldeyrisviðskipti og tengdir fjármagnsflutningar sem ákærðu stóðu fyrir áttu sér stað samkvæmt föstu og ákveðnu skipulagi í starfsemi ákærðu og voru framkvæmd í framhaldandi og þéttari röð á einu afmörkuðu tímabili með alveg sama hætti í meginatriðum, svo sem nánar er lýst í verknaðarlýsingu ákæru. Öll tilvik refsiverðrar háttsemi ákærðu eru þannig sama eðlis í skilningi verknaðarlýsinga refsheimilda sem við eiga í málinu og felur hvert og eitt þeirra í sér sjálfstætt brot gegn sömu refsíákvæðum.

Rétt er að taka fram varðandi lýsingu á gjaldeyrisviðskiptum ákærðu á umræddu tímabili að fjöldi einstakra gjaldeyrisviðskipta er talinn miðast við útgreiðslur í íslenskum krónum til mótaðila á Íslandi enda efndu sakborningar þannig hver og ein gjaldeyrisviðskipti af sinni hálfu þó svo tilsvarendi innborganir mótaðila í erlendri mynt væru í einhverjum tilvikum fleiri en ein. Einnig eru dæmi um hið gagnstæða meðal tilvika um einstök gjaldeyrisviðskipti, þ.e. að ákærðu hafi með fleiri en einni útgreiðslu til mótaðila á Íslandi efnt gjaldeyrisviðskipti sem fólu í sér eina innborgun viðkomandi mótaðila í erlendum gjaldeyri. Þetta er ástæða þess að fjöldi innborgana mótaðila (771) og útgreiðslna ákærðu (748) samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru er ekki sá sami en innborganir og útgreiðslur vegna hverra einstakra gjaldeyrisviðskipta má rekja skýrt saman í þeim tilvikum og á því tímabili sem ákæra tekur til.

3. Samverknaður ákærðu

Í verknaðarlýsingu ákæru er miðað við að refsiverð háttsemi ákærðu samkvæmt henni teljist samverknaður allra ákærðu sem aðalmanna með verkskiptri aðild.

Að því er varðar samverknað ákærðu má greina á milli (1) undirbúnings og skipulagningar hinnar refsiverðu háttsemi, (2) innbyrðis skiptingar ávinnings af henni milli sakborninga eða fyrirætlana þar um og (3) framkvæmdar hennar á verknaðartíma.

Sakargögn benda til þess að ákærðu hafi staðið saman að undirbúningi og skipulagningu þeirrar starfsemi sem brot þeirra fólst í samkvæmt verknaðarlýsingu ákæru, þ.e. áður en hún hófst og í upphafi hennar. Samkvæmt sakargögnum mun ákærði Karl fyrstur hafa kynnt fyrir öðrum ákærðu grófar og ómótaðar hugmyndir að sambærilegri starfsemi. Eftir að þær frumhugmyndir komu fram benda sakargögn til þess að ákærðu hafi staðið saman að nánari undirbúningi og skipulagningu þeirrar tilteknu starfsemi sem þeir völdu að stunda, bæði innbyrðis og út á við, þar með gagnvart erlendum ráðgjöfum og þjónustuaðilum sem ákærðu leituðu til í þessu skyni. Meðal annars liggur fyrir að þegar ákærðu leituðu eftir því að stofna til viðskipta við Skandinaviska Enskilda Banken í Svíþjóð í mars 2009, sem síðan gekk eftir og var ein mikilvægasta forsendan fyrir starfsemi ákærðu, kynntu þeir starfsemi sína með þeim hætti að þeir stæðu fjórir saman að henni sem „teymi“ (e. team). Einnig sýna sakargögn að enda þótt ákærði Karl hefði í febrúar og mars 2009 átt sænska félagið Aserta AB einn, og jafnframt einn verið í stjórn félagsins, kynntu ákærðu sænska bankanum við sama tækifæri að fyrirhugað væri að sakborningar myndu eignast félagið að jöfnu. Það gekk eftir um miðjan apríl 2009 og gekk þá einnig ákærði Gísli í stjórn með ákærða Karli. Loks skal nefnt að ekkert í sakargögnum varðandi undirbúning og skipulagningu starfseminnar bendir til annars en að sakborningar hafi ávallt haft í hyggju að standa saman og að jöfnu að þeirri starfsemi sem þeir ráku.

Fyrirliggjandi sakargögn veita bæði beinar og óbeinar upplýsingar um það með hvaða hætti ávinningur af brotastarfseminni hafi skipst eða átt að skiptast milli ákærðu. Annars vegar eru beinar upplýsingar í sakargögnum sem stafa frá ákærðu sjálfum á verknaðartíma um að ávinningur af brotum ákærðu hafi skipst eða átt að skiptast jafnt á milli þeirra en hins vegar er ekkert í sakargögnum talið benda til þess að skipting ávinnings hafi verið eða átt að vera með öðrum hætti. Nánar er fjallað um ávinning ákærðu af háttseminni síðar í röksemdunum.

Ákærðu framkvæmdu í sameiningu þá háttsemi sína sem lýst er verknaðarlýsingu ákæru. Háttsemin greindist í tengda verkþætti sem hver um sig var nauðsynlegur liður í framkvæmd hennar. Einkum er þá átt við eftirfarandi verkþætti: 1. Að sinna samskiptum við mótaðila í gjaldeyrisviðskiptum, ákveða kjör og koma á viðskiptum. 2. Að sinna samskiptum við og senda gjaldeyrisviðskipta- og greiðslufyrirmæli til Skandinaviska Enskilda Banken og annarra erlendra fjármálafyrirtækja sem seldu ákærðu íslenskar krónur og sendu þær til Íslands eftir fyrirmælum ákærðu. 3. Að flytja íslensku krónurnar milli bankareikninga innan íslensks bankakerfis, annars vegar með millifærslum milli eigin bankareikninga Aserta AB og hins vegar með útgreiðslum inn á íslenska bankareikninga mótaðila til að ljúka hverjum einstökum gjaldeyrisviðskiptum. Ef horft er til framangreindra verkþátta sýna fyrirliggjandi sakargögn að hver og einn ákærðu átti hlut í sérhverjum þeirra en hins vegar mismikinn, þ.e. að ákærðu skiptu að tilteknu marki með sér verkum við framkvæmd háttseminnar enda þótt sú verkaskipting væri hvorki algild né skýrlega afmörkuð.

4. Leyfislaus milliganga um gjaldeyrisviðskipti hér á landi

Háttsemi ákærðu í þessu sakarefni ákærunnar varðar við verknaðarlýsingu sérákvæðis 1. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 og einnig við almennari verknaðarlýsingu 1. mgr. 186. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ekkert sérstakt refsíákvæði var í lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 fyrir brot gegn 1. mgr. 8. gr. þeirra fyrr en með gildistöku refsíákvæðis 3. töluliðar 16. gr. laganna 14. júlí 2009, sbr. lög nr. 73/2009 sem þá tóku gildi og breyttu lögum um gjaldeyrismál m.a. að þessu leyti. Frá og með því tímamarki varðar háttsemin við síðastnefnt refsíákvæði. Á fyrri hluta verknaðartímabils samkvæmt ákæru, þ.e. 25. mars 2009 til og með 13. júlí 2009, varðar háttsemin hins vegar refsingu samkvæmt 1. mgr. 186. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gjaldeyrisviðskipti ákærðu skiptust nánar tiltekið þannig niður á framangreind tvö tímabil:

Tímabil	Fjárhæð	Fjöldi ISK millifærslna
26.3.2009 - 13.7.2009	6.394.549.602 kr.	294
14.7.2009 - 2.11.2009	7.951.325.679 kr.	454
Samtals:	14.345.875.280,70 kr.	748

Í orðskýringum í 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 er hugtakið „gjaldeyrisviðskipti“ í lögnum sagt merkja m.a. það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan og erlendum gjaldeyri fyrir innlendan. Samsetta hugtakið „milliganga um gjaldeyrisviðskipti“ er ekki sérstaklega skýrt þar.

Hugtakið „milliganga um gjaldeyrisviðskipti“ er hins vegar sérstaklega skýrt í reglugerð nr. 679/1994, um gjaldeyrismál, sbr. 17. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Reglugerðin öðlaðist gildi 1. janúar 1995, sbr. 14. gr. hennar, og hefur gilt síðan. Í reglugerðinni er „milliganga um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri“ skýrð í einu lagi svo að það merki að „stunda gjaldeyrisviðskipti í atvinnuskyni fyrir eigin reikning eða gegn endurgjaldi“ eða að „koma á gjaldeyrisviðskiptum milli aðila gegn endurgjaldi“.

Ákærðu veittu mótaðilum sínum í gjaldeyrisviðskiptum þá afmörkuðu þjónustu, sumum þeirra margtrefkað líkt og fyrr segir, að skipta fyrir þá erlendum gjaldeyri í íslenskar krónur á hagstæðari kjörum en unnt var að fá gegnum innlendar fjármálastofnanir eftir venjulegum leiðum og jafnframt að flytja íslensku krónurnar til Íslands og afhenda þær mótaðilum þar. Áður en ákærðu tóku einstaka mótaðila í viðskipti létu ákærðu þá í mörgum tilvikum skrifa undir sérstök skjöl vegna viðskiptanna, svonefnd Client Take On-skjöl. Slík skjöl eru meðal sakargagna fyrir stóran hluta mótaðilanna, þar með þá stærstu með tilliti til umfangs gjaldeyrisviðskipta á verknaðartímabili. Samkvæmt þessum skjölum lá ljóst fyrir að það voru fjármunir á forni erlends gjaldeyris í eigu mótaðilanna (skilgreindir sem „viðskiptavinir“ í þessum skjölum) sem ákærðu tóku við á framangreindum forsendum, þ.e. að skipta í íslenskar krónur og flytja til Íslands. Ákærðu söfnuðu slíkum innborgunum frá mörgum mótaðilum saman í stærri skammta sem þeir skiptu í íslenskar krónur erlendis, aðallega hjá Skandinaviska Enskilda Banken í Svíþjóð, en við þann banka áttu ákærðu í þessum sérstaka tilgangi fast viðskiptasamband um magnkaup á íslenskum krónum. Íslensku krónurnar sendu ákærðu síðan í stórum skömmtum til Íslands og deildu þeim út til mótaðila sinna þar.

Þessi háttsemi ákærðu átti sér stað yfir margra mánaða tímabil eða rúma 7 mánuði frá 25. mars 2009 til 2. nóvember 2009. Hún fór fram samkvæmt fastmótuðu skipulagi og var kerfisbundin í framkvæmd. Mótaðilar ákærðu í gjaldeyrisviðskiptum samkvæmt ákæru voru samtals 84 talsins og einstök gjaldeyrisviðskipti 748. Gjalddeyrisviðskiptin og tengdir

fjármagnsflutningar ákærðu námu samtals að andvirði í íslenskum krónum rúmum 14,3 milljörðum króna á þessu tímabili. Ákærðu fengu endurgjald af gjaldeyrisviðskiptum sem þeir höfðu milligöngu um og réðst það ávallt með sama hætti, þ.e. af gengismun á innkaups- og söluverði íslensku krónanna sem ákærðu veltu. Á tímabili brotanna skilaði þessi starfsemi ákærðu miklum fjárhagslegum ávinningi sem hljóp á hundruðum milljóna íslenskra króna, sbr. nánar um ávinninginn hér á eftir.

Háttsemi sakborninga fór fram „hér á landi“ í skilningi 1. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992. Öllum einstökum gjaldeyrisviðskiptum ákærðu og tengdum fjármagnshreyfingum lauk á Íslandi, þ.e. í fyrsta lagi með flutningi íslenskra króna til Íslands samkvæmt fyrirætlunum ákærðu, í öðru lagi með millifærslum milli íslenskra bankastofnana sem ákærðu framkvæmdu og í þriðja lagi með útgreiðslum ákærðu á íslenskum krónum til mótaðila hverju sinni. Þetta var raunar sjálfur kjarninn í starfsemi ákærðu og fólst beinlínis í samkomulagi ákærðu og mótaðila í hverju og einu tilviki gjaldeyrisviðskipta, þ.e. ákærðu gengust undir að efna það fyrir sitt leyti með flutningi íslenskra króna til Íslands og afhendingu þeirra inn á bankareikning mótaðila á Íslandi. Starfsemi ákærðu var einnig í reynd að stórum hluta staðsett og fór fram á Íslandi, þar sem þeir höfðu m.a. fasta skrifstofu og rekstur vegna starfsemi sinnar.

Á grundvelli fyrirbyggjandi sakargagna var við rannsókn málsins reiknaður út ætlaður ávinningur ákærðu af brotastarfsemi þeirra, þ.e. uppsafnað endurgjald þeirra samkvæmt framangreindu. Niðurstaða þeirra útreikninga er að gengismunur sem ákærðu nutu í gjaldeyrisviðskiptunum hafi verið 4,3% eða 4,6% að meðaltali yfir allt tímabil viðskiptanna. Munur á milli þessara niðurstaðna er óverulegur en forsendum þeirra er lýst nánar í gögnum málsins. Samkvæmt þessu benda niðurstöður rannsóknar til þess að heildartekjur ákærðu af háttsemi sinni hafi verið rúmar 656 milljónir króna eða rúmar 693 milljónir króna.

Á meðal sakargagna eru gögn sem stafa frá ákærðu sjálfum, þ.e. tölvupóstsamskipti þeirra í milli og fylgigögn með þeim á tímabilinu frá 22. maí 2009 til 9. júlí 2009, þar sem ákærðu taka m.a. saman hagnað af starfsemi sinni á þessum tíma. Samkvæmt þessum gögnum tiltóku ákærðu ávinning af starfseminni sem 420.317.774 íslenskar krónur við lok þessa tímabils.

5. Ólögsmæt gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnshreyfinga á milli landa

Með setningu reglna nr. 1130/2008, um gjaldeyrismál, sbr. einnig fyrri reglur nr. 1082/2008, um gjaldeyrismál, neytti Seðlabankinn m.a. heimildar í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 til að stöðva tímabundið nánar tilgreinda flokka „fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast“, líkt og það var orðað í bráðabirgðaákvæðinu. Þar kom einnig fram að heimildin ætti við um „hreyfingar fjármagns til og frá landinu“.

Ákvæði 4. mgr. 1. gr. reglna nr. 1130/2008, sbr. einnig samhljóða ákvæði í 4. mgr. 1. gr. eldri reglnanna nr. 1082/2008, tók samkvæmt framangreindri lagaheimild til „gjaldeyrisviðskipta vegna fjármagnshreyfinga samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um gjaldeyrismál [...] á milli landa“. Ákvæðið var að auki afmarkað svo að slíkar ráðstafanir ættu sér stað „með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálafyrirtækjum hér á landi eða Seðlabanka Íslands“.

Í orðskýringum í 1. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992 er hugtakið „gjaldeyrisviðskipti“ í lögnum sem fyrr segir sagt merkja m.a. það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan og erlendum gjaldeyri fyrir innlendan. Gjaldyrisviðskipti í skilningi 4 mgr. 1. gr. reglna nr.

1130/2008 og bráðabirgðaákvæðis I í lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 taka þannig til skipta á íslenskum krónum fyrir erlendan gjaldeyri eða öfugt. Hver einstök gjaldeyrisviðskipti ákærðu hófust í samræmi við það með viðtöku ákærðu á erlendum gjaldeyri frá mótaðila, þ.e. innborgun frá mótaðila á bankareikning Aserta AB í Svíþjóð, og lauk með afhendingu ákærðu á íslenskum krónum til mótaðila, þ.e. útgreiðslu til mótaðila af bankareikningum Aserta AB á Íslandi.

Í þeim fjármagnshreyfingum sem sakborningar stóðu að í tengslum við gjaldeyrisviðskipti sín fólst hvort tveggja innflutningur innlands gjaldeyris, þ.e. íslenskra króna, og innlegg og úttektir af reikningum í lánastofnunum á Íslandi. Slíkar fjármagnshreyfingar eru meðal þeirra sem taldar eru upp í 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I, nánar tiltekið 2. og 4. tölulið hennar, og eru þar með meðal þeirra fjármagnshreyfinga sem 4. mgr. 1. gr. reglna nr. 1130/2008 tekur til.

Líkt og áður sagði tók bráðabirgðaákvæði I til „fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta sem þeim tengjast“. Orðalag 4. mgr. 1. gr. reglna nr. 1130/2008 um „gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnshreyfinga“ er í samræmi við þetta. Átt er við gjaldeyrisviðskipti í tengslum við fjármagnshreyfingar þannig að bann regluákvæðisins átti við ef þetta tvennt fór saman. Gjaldyrisviðskipti ein og sér, þ.e. ótengd nokkrum fjármagnshreyfingum, féllu ekki undir bann regluákvæðisins. Þannig braut t.d. ekki gegn banninu ef íslenskar krónur voru keyptar eða seldar erlendis án þess að vera fluttar til Íslands. Fjármagnshreyfingar einar og sér á íslenskum krónum til Íslands, þ.e. ótengdar nokkrum gjaldeyrisviðskiptum, féllu heldur ekki undir bann regluákvæðisins. Sem dæmi má nefna að eigendum íslenskra króna í útlöndum sem eignast höfðu þær fyrir setningu gjaldeyrishaftanna var í gildistíð reglna nr. 1130/2008 ekki bannað að flytja þær krónur til Íslands. Gjaldyrisviðskipti í tengslum við slíkar fjármagnshreyfingar voru hins vegar lýst óheimil með banninu. Fjármagnshreyfingar sem ákærðu stóðu fyrir á íslenskum krónum til Íslands voru sem fyrr segir órjúfanlegur hluti af þeim gjaldeyrisviðskiptum og milligöngu um gjaldeyrisviðskipti sem ákærðu stunduðu.

Orðalag bannákvæðisins afmarkaði bannið nánar svo að slíkar ráðstafanir færu fram „með úttektum af reikningum í íslenskum krónum í fjármálastofnunum hér á landi eða Seðlabanka Íslands“. Orðalagið tók mið af því hvernig alþjóðleg greiðslumiðlun milli fjármálastofnana er framkvæmd, þ.e. hvernig fjármálastofnanir framkvæma og gera upp sín á milli peningagreiðslur á milli landa. Það á sér einkum stað gegnum svonefnda VOSTRO/NOSTRO bankareikninga. Þau hugtök taka í raun til sama bankareikningsins hverju sinni, bara eftir því hvort horft er á hann frá sjónarhóli fjármálastofnunarinnar sem á reikninginn (NOSTRO-reikningur og NOSTRO-banki) eða fjármálastofnunarinnar sem varðveitir reikninginn (VOSTRO-reikningur og VOSTRO-banki).

Allar hreyfingar vegna innborgana og úttekta af almennum bankareikningum í íslenskum krónum erlendis, þ.e. hjá erlendum fjármálastofnunum, endurspeglast í hreyfingum á VOSTRO-reikningum viðkomandi erlendra fjármálastofnana í íslenskum krónum hjá íslenskum fjármálastofnunum á Íslandi, að því gefnu að greiðslubanki og viðtökubanki séu aðskildar fjármálastofnanir. Í þessu felst m.a. að þegar erlend fjármálastofnun greiðir íslenskar krónur út af almennum bankareikningi í íslenskum krónum sem hún varðveitir, hvort sem fjármunirnir og reikningurinn tilheyra fjármálastofnuninni sjálfri eða viðskiptavini sem gefið hefur fyrirmæli um framkvæmd greiðslunnar, og slík greiðsla fer inn á bankareikning hjá annarri fjármálastofnun, þá endurspeglast sú fjármagnshreyfing ávallt í tilsvareandi útgreiðslu í íslenskum krónum af VOSTRO-reikningi viðkomandi fjármálastofnunar í íslenskum krónum hjá fjármálastofnun á Íslandi.

Eftir þessa fjármagnshreyfingu, og fyrst þá, eru íslensku krónurnar sem greiddar voru aðgengilegar og til ráðstöfunar fyrir réttthafa þess bankareiknings sem greitt var inn á, þar með eftir atvikum á Íslandi ef sá bankareikningur er innan íslensks bankakerfis.

Með hliðsjón af þessu má með vísan til atvika samkvæmt verknaðarlýsingu ákærunnar lýsa því nánar sem gerðist í hvert og eitt sinn sem ákærðu gáfu erlendri fjármálastofnun fyrir mæli um að framkvæma peningasendingu á íslenskum krónum erlendis frá og inn á bankareikninga Aserta AB á Íslandi. Slíkar peningasendingar voru framkvæmdar með símgreiðslu (SWIFT-skeyti) frá erlendu fjármálastofnuninni til íslensku fjármálastofnunarinnar. Það sem gerðist í kerfum erlendu fjármálastofnunarinnar var að innstæða á viðkomandi bankareikningi þar í íslenskum krónum lækkaði sem nam peningasendingunni. Það sem gerðist á Íslandi var að íslenska fjármálastofnunin gjaldfærði VOSTRO-reikning erlendu fjármálastofnunarinnar hjá bankanum fyrir peningasendingunni og færði fjárhæðina yfir á þann innlenda bankareikning Aserta AB sem tilgreindur var í peningasendingunni. Þannig varð úttekt af VOSTRO-reikningi erlendu fjármálastofnunarinnar í íslenskum krónum hjá innlendu fjármálastofnuninni. Fyrst eftir þetta voru íslensku krónurnar aðgengilegar ákærðu á bankareikningi Aserta AB hérlandis og unnt að ráðstafa þeim þaðan með þeim hætti sem ákærðu gerðu og lýst er í verknaðarlýsingu ákærunnar.

Nýjar reglur um gjaldeyrismál, nr. 880/2009, tóku gildi 31. október 2009 og féllu eldri reglurnar nr. 1130/2008 úr gildi sama dag, sbr. gildistökuákvæði í 17. gr. fyrrnefndu reglnanna. Reglur nr. 370/2010, um gjaldeyrismál, tóku síðan við af reglum nr. 880/2009 30. apríl 2009, sbr. gildistökuákvæði í 17. gr. fyrrnefndu reglnanna. Setning nýrra reglna um gjaldeyrismál fól í hvorugu tilviki í sér breytingar sem máli skipta varðandi refsinaemi þeirrar háttsemi sem ákærðu er gefin að sök samkvæmt ákæru, sbr. 2.-3. gr. og 16. gr. beggja reglnanna. Lagagrundvöllur reglna nr. 880/2009 og reglna nr. 370/2010 var hinn sami og fyrri reglna nr. 1130/2008, sbr. 17. gr. beggja fyrrnefndu reglnanna.

Lög nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands, tóku gildi 27. september 2011. Með þeim voru m.a. lögfest helstu efnisákvæði í reglum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál sem bankinn hafði sett á grundvelli lagaheimildarinnar í bráðabirgðaákvæði I í lögum um gjaldeyrismál. Þar á meðal voru þau efnisákvæði sem þýðingu hafa í þessu máli, þ.e. 2. og 3. gr. þágildandi reglna nr. 370/2010, um gjaldeyrismál. Eftir þessa breytingu á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 er sú háttsemi sem ákærðu er gefin að sök samkvæmt ákæru refsinaem samkvæmt 13. gr. b og 13. gr. c laganna, sbr. 4. tölulið 16. gr. þeirra.

6. Upptökukröfur

Líkt og fyrir segir benda sakargögn til þess að ávinningur ákærðu af brotastarfsemi sinni hafi numið að minnsta kosti 656 milljónum króna. Ákærðu stóðu að háttseminni í sameiningu og benda sakargögn ekki til annars en að ávinningur hafi skipst eða átt að skiptast jafnt á milli þeirra. Samkvæmt því nam ávinningur ákærðu hvers fyrir sig að minnsta kosti fjórðungi af framangreindri fjárhæð eða 164 milljónum króna.

Að stærstu leyti er óvíst um afdrif þess ávinnings sem ákærðu höfðu af háttsemi sinni. Fyrirliggjandi sakargögn benda ekki til þess að ávinningur ákærðu hafi að verulegu marki verið fluttur til Íslands. Ætla verður að hann hafi verið skilinn frá fénu sem starfsemi ákærðu velti samhliða því að það rann gegnum reikninga Aserta AB í Svíþjóð og komið undan erlendis. Fyrirliggjandi sakargögn sýna að ákærðu gerðu a.m.k. ráðstafanir til þess að láta slíkan ávinning renna til aflandsfélags eða -félaga í endanlegri eigu og undir raunverulegri

stjórn ákærðu. Sakargögn sýna einnig að sakborningar létu stofna félag á Kýpur, sem var í endanlegri eigu þeirra, í þessu skyni.

Sakargögn sýna þó að inn á bankareikninga ákærðu rann fé af bankareikningum Aserta AB á verknaðartímabilinu eða nánar sem hér segir (fjárhæðir eru í íslenskum krónum):

Ákærði	Innborganir frá Aserta	Útgreiðslur til Aserta	Tímabil	Samtals greitt inn	Samtals greitt til baka	Samtals nettó frá Aserta AB
Markús	10	0	14.4.2009-2.11.2009	53.570.00	0	53.570.000
Ólafur	7	1	8.4.2009-13.10.2009	16.600.000	6.000.000	10.600.000
Karl	8	0	14.4.2009-16.10.2009	45.747.022	0	45.747.022
Gísli	11	4	21.4.2009-2.11.2009	130.185.000	95.000.000	35.185.000

Ekki er nákvæmlega kunnugt um ráðstöfun ákærðu á þessum fjármunum.

Samkvæmt framangreindu liggur annars vegar fyrir að ákærðu höfðu fjárhagslegan ávinning, og hann mjög mikinn, af háttsemi sinni og að þeir fengu greiddar til sín háar fjárhæðir frá Aserta AB á verknaðartímabilinu. Hins vegar liggur fyrir að ávinningur ákærðu hefur að stærstum hluta ekki komið fram við rannsókn málsins.

Upptökuröfur sem gerðar eru á hendur ákærðu, svo langt sem þær ná í ljósi ofangreinds, eru byggðar á heimildum til jafnvirðisupptöku og ráðast af því hvað gögn og upplýsingar sem komu fram með athugun embættis sérstaks saksóknara fyrir útgáfu ákæru gáfu tilefni til að ætla um eignir ákærðu.

Skrifstofu sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008.

Reykjavík, 22. mars 2013.

Arnþráður Þórarinsdóttir

Arnþráður Þórarinsdóttir, saksóknari

